

ARÐGREIÐSLUSTEFNA ÍSFÉLAGS HF.

Stjórn Ísfélags hf. hefur markað félaginu þá stefnu að við útgreiðslu arðs sé haft til hliðsjónar að félagið sé með sterkan efnahag og nægilega hátt eiginfjárlutfall til að mæta sveiflum í rekstrarumhverfinu. Það hefur verið stefna félagsins að vera í fremstu röð hvað varðar tækniframfarir í sjávarútvegi og því þarf fyrirtækið að hafa bolmagn hverju sinni til að fjárfesta þegar tækifæri gefst. Með vísan til þessa, og að stjórnin telur ennfremur mikilvægt að greiða hluthöfum eðlilegan arð af því fé sem er bundið í félaginu, er þannig stefnt að því að félagið greiði árlega arð, sem nemi að lágmarki 30% hagnaðar næstliðins árs. Arðgreiðslan skal taka mið af því að eiginfjárlutfall félagsins fari ekki niður fyrir 50% við greiðslu arðsins.

Arðgreiðslustefna félagsins skal vera aðgengileg á heimasíðu félagsins og skal stjórn yfirfara hana eigi sjaldnar en þriðja hvert ár.

Þannig samþykkt af stjórn Ísfélags hf. þann 23. janúar 2026.